

67.fundur stjórnar HÖFÐA hjúkrunar- og dvalarheimilis haldinn 29. september 2016 kl. 16.30

Fundinn sátu:

Kristjana Helga Ólafsdóttir formaður
Ólína Ingibjörg Gunnarsdóttir
Kristján Sveinsson
Margrét Magnúsdóttir
Guðmunda Maríasdóttir fulltrúi starfsmanna
Hallveig Skúladóttir hjúkrunarforstjóri
Kjartan Kjartansson framkvæmdastjóri

Fyrir var tekið:

1) Skipulagsbreytingar

Tillaga að skipulagsbreytingum á Höfða:

- Eldhús Höfða verður lokað eftir kl. 16.00. Lögð verða niður störf í eldhúsi, samtals 4,55 stöðugildi. Eftir verða 3,5 stöðugildi.
- Lögð verða niður störf í býtibúrum heimilisins, samtals 2,76 stöðugildi.
- Lögð verða niður störf í þvottahúsi, 1,9 stöðugildi. Eftir verður 0,5 stöðugildi í þvottahúsi.
- Aukning verður um 6,3 stöðugildi í umönnun en í heild fækkar stöðugildum um 2,91 auk fastrar afleysingar samtals 3,41 stöðugildi.

Með framlögðum skipulagsbreytingum hættir heimilisfólk að borða í matsal heimilisins. Hver deild heimilisins verður með aðstöðu til að matast í. Auk þess sem komið er upp þvottaaðstöðu á hverri deild heimilisins. Ekki verða um aðgreind störf að ræða á deildum, starfsfólk í umönnun mun annast þau störf sem til falla inn á deildum. Í eldhúsi heimilisins verður framleiddur hádegisverður og kvöldverður sem borin verður fram á hverri deild fyrir sig.

Áætlaður kostnaður við breytingar á húsnæði og kaup á tækjum er kr. 13.665.240.

Áætlaður sparnaður við fækkun stöðugilda er kr. 21.000.000 á ársgrundvelli.

Stjórn Höfða samþykkir tillögu að skipulagsbreytingum.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 17:30

Lingana H. Ólafsdóttir
Kristján Sveinsson
Ólína Ingibjörg Gunnarsd.
Hallveig Skúladóttir
Margrét Magnúsdóttir
Kjartan Kjartansson